

1990 nr. 43 16. maí**[Lög um lánasýslu ríkisins]¹⁾**¹⁾ L. 138/2007, 10. gr.

Tóku gildi 22. maí 1990. Breytt með 1. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997) og 1. 138/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008).

■ **1. gr.** [Fjármálaráðherra fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.]¹⁾

¹⁾ L. 138/2007, 1. gr.

■ **2. gr.** [Lánasýsla ríkisins skal stefna]¹⁾ að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki.

2. Dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkisins á sem hagkvæmasta hátt.

3. Draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.

4. Efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagnsmarkaði með kynningu og þjónustu.

5. Efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis.

¹⁾ L. 138/2007, 2. gr.

■ **[3. gr.]¹⁾** [Fjármálaráðherra]²⁾ semur fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlánar fé og veitir ábyrgðir . . . ²⁾ innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni.

□ [Fjármálaráðherra]²⁾ er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 4. gr.

■ **[4. gr.]¹⁾** [Fjármálaráðherra]²⁾ fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er [fjármálaráðherra]²⁾ heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinna erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán.

□ [Fjármálaráðherra]²⁾ er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að selja ríkisvígla á innlendum markaði til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvígla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi hans í Seðlabankanum.

□ Enn fremur er [fjármálaráðherra]²⁾ fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta gjaldmiðlum og/eða vaxtakjörum á erlendum lánnum með sérstökum samningum, enda felist ekki nýjar lántökur í slíkum breytingum.

□ Fjármálaráðherra skal árlega upplýsa Alþingi um notkun þessara heimilda.

□ Heimilt er að kveða nánar á um ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 5. gr.

■ **[5. gr.]¹⁾** [Fjármálaráðherra]²⁾ skal hafa eftirlit með lántökum aðila sem ríkisábyrgðar njóta á skuldbindingum sínum og vera ráðgefandi um skuldstýringu þeirra.

□ Skylt er þeim aðilum, er hyggjast taka lán erlendis og ríkisábyrgðar njóta á erlendum skuldbindingum, að kynna þau áform sín fyrir [fjármálaráðherra]²⁾ og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 6. gr.

■ **[6. gr.]¹⁾** Heimilt er að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd . . . ²⁾ lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem [fjármálaráðherra fer með samkvæmt lögum þessum]²⁾ eftir því sem hagkvæmt þykir.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 7. gr.

■ **[7. gr.]¹⁾** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara . . . ²⁾ má setja með reglugerð.³⁾

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 8. gr. ³⁾ Rg. 237/1998.

■ **[8. gr.]¹⁾** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Fjármálaráðherra tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 138/2007, 9. gr.